

10. gr.

Skýrslugerð.

Skýrslugjöf til Löggildingarstofu skal vera í samræmi við reglugerð nr. 648/2000 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingingu:

1. Frávik í þeim punktum sem prófaðir eru.
2. Aðstæður.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

11. gr.

Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Heimilt er að löggilda vogir einu sinni eftir gildistöku reglugerðar þessarar þótt þær hafi ekki hlotið gerðarviðurkenningu hafi vogirnar verið löggiltar áður. Sækja skal um gerðarviðurkenningu fyrir vogir sem löggilda þarf oftar. Finnist enginn ábyrgðaraðili, þ.e. framleiðandi eða fulltrúi hans, má eigandi óska eftir gerðarviðurkenningu.
2. Hyggist söluaðili vogargerðar, sem heimilt hefur verið að nota án gerðarviðurkenningar við löggildingarskylda starfsemi, halda áfram að selja hana skal hann sækja um gerðarviðurkenningu fyrir 1. júní 2003.
3. Hafi notkun vogar verið látin átölulaus við starfsemi sem nú er löggildingarskyld með því skilyrði að notuð væri önnur löggilt vog til úrtaksviktunar er heimilt að hafa sama hátt á til loka ársins 2003.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingingu og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 4. nóvember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Borgarbyggð.

1. Frístundabyggðar í Heyholti - deiliskipulag.
2. Golfvöllur í landi Hreðavatns - deiliskipulag.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreind skipulög.

Deiliskipulögin hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags-

og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og verið yfirfarin af Skipulagsstofnun samkvæmt sömu lögum.

Ofangreind skipulög öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 11. nóvember 2002.

Sigurður Páll Harðarson bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

REGLUR

um innkaup og sölu tóbaks og skilmálar í viðskiptum við birgja.

1. Reglur um flokka tóbaks.

1.1 Tóbaki er deilt í 4 söluflokka¹:

- Kjarna.
- Reynsluflokk.
- Sérflokk.
- Sérpantanir.

1.2 Í *kjarna* eru sölutegundir¹ (vörunúmer) sem flust hafa úr reynsluflokki í kjarna og vörur sem voru í þeim flokki 15. nóvember 1996 og eigi hafa fallið úr kjarna samkvæmt ákvæðum reglna ÁTVR um innkaup og sölu tóbaks. Kjarninn er endurmetinn í mánuði hverjum. Náí sölutegund í kjarna ekki 0,2% af heildarsölu vöruflokks¹ á undanförunum 12 mánuðum fellur hún úr kjarna. Birgðir sölutegundar, sem felld hefur verið úr kjarna, má selja sem um vöru í kjarna væri að ræða. Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu tóbakstegundar¹ boðnar til sölu og hvorug eða engin þeirra nær áskildu söluhlutfalli en samanlögð sala tóbakstegundar nær söluhlutfallinu, þá skal sú sölutegund, sem birgir velur, haldast áfram í kjarna en aðrar sölutegundir falla úr kjarna.

1.3 Í *reynsluflokki* eru að jafnaði 40% af tölu sölutegunda sem eru í kjarna. Vara er í reynslusölu í 24 mánuði. Að loknu því tímabili flyst sölutegundin í kjarna, hafi hún náð 0,2% af heildarsölu vöruflokksins. Við útreikning skal miða við sölu í 12 heila mánuði er næstir koma á undan síðasta mánuði sölutímans og salan borin saman við heildarsölu vöruflokksins á sama tímabili.

1.4 Vara, sem fellur úr reynslusölu vegna ónógrar eftirspurnar, verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt. ÁTVR getur ákveðið að taka aðeins eina tegund í hverjum vöruflokki til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu frá sama birgi.

1.5 *Sérflokkur* tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali vindla og píputóbaks. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir tóbaks eru faltar í sérflokki. Sala vöru í sérflokki telst ekki, þegar metinn er söluárangur í kjarna eða í reynsluflokki.

1.6 Tóbak sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má sérpanta.

1.7 Tóbaki í kjarna og reynslusölu er skipt í eftirfarandi vöruflokka:

¹ Sjá orðskýringar í tl. 1.8.